
RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

FÉLAGS- OG EFNAHAGSLEG ÁHRIF SAMGÖNGUBÓTA

HEITI ERINDIS:

FORGANGSRÖÐUN VEGAFRAMKVÆMDA Í LJÓSI MARKMIÐA

FLYTJANDI ERINDIS: KJARTAN ÓLAFSSON

Um er að ræða fyrsta hluta verkefnis sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri (RHA) hefur unnið fyrir tilstyrk Rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar. Verkefnið miðar að því að setja fram og þróa matsaðferðir sem nota má til að spá fyrir um félagsleg- og efnahagsleg áhrif samgöngubóta í vegakerfinu. Svo virðist sem tilhneiging sé í átt til aukinnar togstreitu um forgangsröðun framkvæmda í vegakerfinu þar sem togast á ólík sjónarmið um ráðstöfun fjármuna og dreifing gæða. Þessi togstreita kallar á nýja nálgun að forgangsröðun framkvæmda þar sem tekið er tillit til ólíkra markmiða með samgöngubótum. Tvær megin aðferðir hafa til þessa einkum verið notaðar til að meta félagslega og efnahagslega þætti í tengslum við samgöngubætur almennt. Hér á landi hefur einkum verið notast við aðra þeirra, það er að segja kostnaðar- og nytjagreiðingu en víða erlendis er löng hefð fyrir því að notast við samþætt samfélagsmat. Hin síðari ár hefur auk þess víða í auknum mæli verið notast við blöndun þessara tveggja aðferða. Sterkar vísbendingar eru um að ná megi góðum árangri í markvissari forgangsröðun verkefna með því að meta samfélagsáhrif fyrirhugaðra framkvæmda með samræmdum hætti fyrir en tíðkast hefur til þessa.